

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
18. ágú. 2011 10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. ágúst 2011
UST20110500227/hmj

Efni: Lýsing vegna deiliskipulags í landi Birtingaholts 5

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 26. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar vegna lýsingar á deiliskipulagi í landi Birtingaholts 5.

Skipulagssvæði og fyrirhugaðar framkvæmdir

Skipulagssvæðið er um 20 ha að stærð og liggur upp að veghelgunarsvæði þjóðveg nr. 340 (Auðsholtsvegur), landamörkum við Sóleyjarbakka og aðkomuvegi að bæjartorfu Birtingaholts og skipulagsmörkum deiliskipulags bæjartorfunnar.

Fram kemur í lýsingu á deiliskipulagi að fyrirhugað er að vinna lífrænan úrgang af Suðurlandi innan skipulagssvæðisins þannig að hann nýtist til áburðagjafar. Um er að ræða vinnslu á fiskislógi og seyru. Úrgangi sem ekki er nýttur til áburðargjafar skal fargað á viðurkenndum urðunarstað. Bæði seyra og slóg eru felld niður í jarðveg við notkun. Svæðið þar sem geymslugryfjur verða og þar sem seyran verður felld niður í verða afgirt með skepnuheldri girðingu. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og gert ráð fyrir að fyrirhuguð starfsemi falli undir þá skilgreiningu. Fyrirhuguð áburðarvinnsla nýtist eingöngu fyrir landbúnaðarstarfsemi og því ekki talið að vinnslan falli undir lið 11j) í viðauka 2 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Byggja þarf þrjá 500 m² blöndunargeyma fyrir fiskiúrgang ásamt byggingu (gám) fyrir tækjabúnað á skipulagssvæðinu. Umhverfis verða malarborin vinnuþlön en einnig gert ráð fyrir gámum vegna niðurbrots á seyru. Til að byrja með 8-10 gámum, 40 feta, sem í verða hitalagnir til að flýta niðurbroti. Planið gæti þurft að stækka þannig að fjöldi gáma yrði 14-18. Nýr aðkomuvegur verður frá þjóðvegi nr. 340 þar sem er vegslóði í dag. Þegar ekki verður hægt að afsetja fiskúrgang sem áburð skal sérstaklega gætt að lágmörkun lyktarmengunar og að halda vargfugli frá. Ekki skal fara með fiskúrgang nær skurðum en 5 m þar sem land hallar að skurðunum en þar sem land hallar lítt eða ekki er heimilt að fara nær, þó skal alltaf vera 2 m öryggissvæði við skurði. Seyruvinnsla verður í samræmi við reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvernig ætlunin sé að vinna fiskúrganginn og seyrana, þ.e. hvort um er að ræða jarðgerð í báðum tilfellum við loftháð skilyrði eða hvort hluti verði unninn við loftfirrð skilyrði og hvort þá sé um að ræða gasgerð. Ef eingöngu um jarðgerð er að ræða þyrfti að koma fram hvaða íblöndunarefni skuli nota en nauðsynlegt er að bæta kolefnisríkum úrgangi með hinum köfnunarefnisríka til að viðhalda jafnvægi. Jafnframt skortir upplýsingar um mögulegar aukaafurðir og úrgang, t.a.m. gas og sigvatn frá niðurbrotsgeymum, hvert slíkt gas og frárennsli yrði leitt og allan frágang þar að lútandi.

Í lýsingu kemur fram að lágmarka skuli lyktarmengun og aðgengi meindýra að þeim áburði sem ekki er hægt að plægja um leið og þeim úrgangi sem ekki er hægt að afsetja. Umhverfisstofnun tekur undir með því er fram kemur í lýsingu en bendir jafnframt á að ekki komi fram upplýsingar um hvernig staðið skuli að þeim þætti og hvernig frágangi á kerjum verði háttáð.


Varðandi notkun á áburðinum frá framleiðslunni þá bendir Umhverfisstofnun á að bæði fiskúrgangur og seyra eru rík af köfnunarefni og áréttar að fara skuli eftir reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framangreinda lýsingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Halla M. Jóhannesdóttir